



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Desemberblað 2024



AF HVERJU FER MAÐUR Á SEMINAR?

Örn Ragnarsson



Á tveggja ára fresti halda breskir rennismiðir ráðstefnu eða Seminar eins og þeir kalla það. Þrjú rennismiðir úr hópnum Snúið og skorið létu það eftir sér að fara fyrir tveim árum. Það er líka svolítið merkilegt að fara á ráðstefnu. Ebenezer, Brynjólfur og Örn komu svo aftur heim og sögðu frá góðri ferð með mikilli fræðslu,

góðum innkaupum og töluverðum Guinness. Þessar frægðarsögur þeirra félaga urðu til þess að þegar kom að Seminari ársins 2024 var aukinn ahugi til staðar. Að þessu sinni fóru sjö karlar af stað. Þetta voru þeir Örn, Egill, Brynjólfur, Lýður, Andrés (allir úr Snúið og skorið) Halldór frá Hvammstanga og Þórir úr Mosfellsbænum.

Við fórum á fimmtudegi til að ná allri dagskránni sem hófst á föstudegi. Ícelandair sá um flugið að þessu sinni. Á flugvellinum beið okkar leigubíll sem Örn hafði pantað. Hann skutlaði okkur til Yarnfield sem er skammt frá Stoke. Ferðin tók um einn og hálfan tíma.

Í Yarnfield Conference Center tók við skráning og úthlutun herbergja og matarmiða og lykla. Þá fórum við í gönguferð m.a. til að staðsetja þorpskrána. Við Binni þóttumst vita hvar hana var að finna eftir reynslu fyrri ferða á Seminar. En hún var lok og læs.

Innifalið í gjaldinu fyrir Seminarið var fullt fæði og húsnæði. Kvöldmaturinn var ekkert fannsi en mettaði vel. Ég tók eftir að færri sóttu Seminarið og spurði forsvarsmenn um ástæðuna. Jú, það er efnahagsástandið í Bretlandi. Sama gilti um um fjölda söluaðila, þeir voru mun fleiri fyrir tveim árum. En svo ég telji upp helstu og áhugaverðustu sölubásana þá var þarna spýtukaupmaður frá Grimsby, fyrrverandi togarsjómaður og talaði ensku sem mér tókst ekki að skilja eitt einasta orð af. Hann bauð upp á fjölbreytt úrval af fallegum kubbum á þökkalegu verði. Ég keypti tvo fallega kubba af aski, flestir keyptum við eitthvað. Þá var stór bás frá Simon Hope, þar voru á boðstólnum alls kyns efni og hjálpartæki fyrir rennsli. Binni keypti til að mynda græju sem hann notar nú af miklum móð við að gera skrufuð lok á box, mætti kalla gengjugræju. Þarna voru líka yfirborðsefni af ýmsu tagi á boðstólnum. Eitt lítið fyrirtæki bauð stýringar fyrir brýnslu. Svo var einn bás sem bauð upp á sandpappír og lufsur til að pússa og fægja.

Íslendingarnir keyptu af miklum móð og brátt fóru menn að hafa áhyggjur af yfirvigtinni. Þá var dregin fram farangursvigt og vigtað af kappi og viti menn, yfirvigtin var hræðileg staðreynd þar til vélstjórinn í hópnum uppgötvaði að vigtin var stillt á pund en ekki kíló.

Á svona ráðstefnu fer fram mikil sýnikennsla. Ýmsir snillingar frá allmörgum löndum sýndu okkur hinum hvernig þeir gera hlutina. Ég kynnti mér mest spindilrennsli að þessu sinni. M.a. fannst mér áhugavert hvernig hægt er að renna ferkantað, ætla að prófa það við tækifæri. Eins sá ég einn renna box með gengjum samt ekki með svona fínum græjum eins og Binni fékk sér. Eins skráði ég mig í svonefndan Masterclass en þar var takmörkuð þátttaka og maður tók þátt í umræðum og nánari skoðun á því sem verið var að kenna.

Ráðstefnan bauð líka upp á sýningu ámunum félagsmanna. Þar voru margs konar listaverk og þau voru öll til sölu. Egill keypti

eitt verkið, dýrindis hollow form. Nú, fyrir utan svona sýningu var líka samkoma á barnum þar sem fram fór uppboð á gripum sem atvinnumenn í faginu höfðu gefið. Suma gripina höfðu sýndurnir gert og gefið. Uppboðið gekk nú svona upp og ofan, uppboðshaldarinn var kannski ekki alveg nógu líflegur. Mér tókst að tryggja mér eina litla skál eftir konu sem kallar sig Tiny Turner enda er hún afar smávaxin. Bæði Lýður og Halldór keyptu líka hluti. Kannski ættum við að huga að svona uppboði hér heima. Bretarnir nota tekjurnar af uppboðinu ganga til ákveðinna verkefna með ungu fólki.

Þá var haldið happdrætti, maður keypti miða og svo vour vinningarnir dregnir út við ráðstefnuslit. Tekjurnar af happdrættinu eru eyrnamerkar ákveðnu verkefni til styrktar ungmennum sem eiga undir högg að sækja. Binni fékk veglegan vinning fyrir tveim árum (dýrindis patrónu) en enginn Íslendinganna fékk vinning að þessu sinni. Kannski er svona happdrætti eitthvað sem við getur haft til fyrirmyndar í framtíðinni.

Það kom fram í viðræðum við forsvarsmenn breska sambandsins að þeir hafa áhuga á frekara sambandi við okkur hér á Íslandi. Sama má segja um írsku sambandið. Ég átti ágætar samræður við formann þeirra. Hann var áhugasamur um samskipti.

Bretarnir kvöddu okkur með þeim orðum að á næstu ráðstefnu skyldum við koma miklu fleiri. Því er hér með komið á framfæri. Ferðin var bísna gagnleg og líka hundskemmtileg. Við skoðum málið eftir tvö ár.



Seminar ferðafélagar



Seminar kennt að renna ferkantað



Seminar kennsla



Seminar Guinness



Seminar apar



Seminar munir



Seminar skál



Seminar - þessi fór með heim



Seminar verkefni



Seminar - ferkantað

HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason



Góð viðbót hefur nú orðið á ritstjórn blaðsins okkar. Í haust réðust til blaðsins sem ritstjórnarfulltrúar þrír harðduglegir afkomendur Reynis Sveinssonar fyrrum ritstjóra.

Hafa Reynissynir nú komið sér vel fyrir á ritstjórn og eru ritstjóra þar til halds og trausts allan sólarhringinn. Ritstjóri þar nú þá von í brjósti að þeir tækju að sér allan prófarkalestur en þeir sögðust ekki vera mikið fyrir slíkan lestur, frekar að þeir hefðu gaman af því að telja kjark í ritstjóra og hvetja hann til frekari skrifa, og kannski rugla aðeins í skrifuðum texta.

Nokkrum dögum eftir að þessi pistill fór að ritast lögðu þessir ágætu ritstjórnarfulltrúar, Reynissynir, að ritstjóra að kalla til fleiri penna. Ekki algalið hjá fulltrúunum þar sem örugglega leynast margir vel pennahæfir félagar í okkar stóra hópi. Já, kæri félagi sem þetta lest, láttu nú til skarar skrifa og settu nú á blað það sem svo lengi hefur bærst í brjósti og huga og sendu á ritstjórn á netfangið engilbert51@gmail.com.



Reynissynir

Höf: Engilbert Gíslason

Það er kalt og næðingurinn bætir ekki úr en í Vesturberginu tekur broskallinn á móti mér með sínu góða hlýja og fallega brosi. Hver er þessi maður með brosið og hattinn og góðu nærveruna, alltaf jákvæður og glaður sem er ekki svo lítið innlegg í fundina okkar í smíðastofum Fjölbrotar í Breiðholti. Ég er kominn inn úr kuldunum til þeirra hjóna Ebenezers Bárðarsonar og Dagbjartar Guðmundsdóttur.

Hann Ebenezer Bárðarson kom í heiminn í Reykjavík 9. apríl 1953. Ebba eins og við köllum hann ólst upp í Vogunum og gekk í Vogaskóla allt þar til gaggó tók við en gaggóið hans Ebba var Lindagötustkóli og ekkert annað en sjóvinnudeildin.

Siglingar aðallega á fragtskipum Sambandsins og síðar Samskipa urðu hlutskiptin þar sem siglt var með olíu og ýmsar stykkjavör eins og þá tíðkaðist, með örliðum hléum þó inná milli. Okkar maður skelti sér í Styrimannaskólann og fékk þar með réttindi til stjórnunar skipa af öllum stærðum.

Það kom þó ekki til þess að Ebba stæði öllu lengur við rattið því að læknisráði var honum ráðlagt að fara í land vegna mjaðmar meins. En áður en til þess kom skelti okkar maður að sér hringinn í kringum jörðina ásamt fleirum. Ástæðan var að búið var að selja MS Helgafell og koma þurfti því til kaupenda og endaði þessi ævintýrasigling í Singapore eftir þriggja mánaða ferðalag. Við tókum okkur gott frí eftir ferðalagið með skipið og skelltum okkur til Balí í Indónesíu.

Eftir heimkomuna urðu kaflaskipti í lífi og störfum Ebba en útþráin var enn til staðar og mótörhjólíð var sett í skip og haldið til Portúgal. Þetta frábæra ferðalag tók níu mánuði og hjólað vítt og breitt um Íberíuskagann – unaðslegar minningar.

Sjómennska, mótörhól og ferðalög en svo ertu alltíeinu farinn að vinna með tré. Já, ég hafði lengi haft löngun til að vinna með tré og langaði mjög á tálgunámskeið en það gekk illa þar sem annaðhvort var uppselt eða hætt við vegna ónógrar þátttöku. Í þessum vandræðum mínum heyrði ég af Bjarna Þór Kristjánssyni síðar félagi okkar í Félagi Trérennismiða.

Bjarna þekkti ég ekkert en hann var með gallerí á Skólavörðustíg og erindi mínu tók hann vel og þar með hófst timburskeiðið. Með okkur Bjarna tókst góður vinskaður og við fórum meira að segja saman á námskeið í gerð þjóðbúninga. Tölurnar á búninginn minn renndi ég úr Reyniviði úr garði Bjarna og í bekk hjá Bjarna. Skömmu síðar tók ég í fóstur rennibekk sem Bjarni þurfti að losna við. Bekkurinn er enn í fóstri hjá mér og okkur semur vel.

Eitt leiðir af öðru og ég frétti af pláss í Dalshrauni í Hafnarfirði og þar komum við okkur nokkrir fyrir með rennibekki og verkfæri en þetta var upphafið af félagsskapnum Snúið og Skorið. Starfinu óx fiskur um hrygg og skjótt kom að því að stærra pláss í Dalshrauninu bauðst og við fluttum okkur þangað. Fljólega kom að því að við afmörkuðum pláss fyrir hvern og einn ca 4 fermetra og það hefur komið mjög vel út. Veran í Dalshrauninu hefur verið einstaklega góð og aldrei nein misklið milli manna.

Nú hafa enn orðið vistaskipti og rennibekkurinn hans Bjarna sem enn er í fóstri hjá mér er nú kominn með heimilisfesti í vinnuskúr við sumarbústað sem við Dagbjört mín höfum nýlega komið okkur upp í Kjósinni. Nú er bara að koma sér almennilega fyrir með verkfærin og hefja rennsli á ný – ég hlakka mikið til.

Sólin er að síga niður fyrir sjóndeildarahringinn og kaffið búið svo tímabær er að kveðja með góðum óskum um bjarta framtíð á nýja renniverkstæðinu í Kjósinni.



Maðurinn með hattinn



Fyrrum borðfótur



Þrjónlesið fær líka pláss



Reyniviður úr Hólavallakirkjugarði



Verkefni úr bekknum



Verkefni úr bekknum

JÓL

Engilbert Gíslason

Á Aðventu reikar hugurinn gjarnan um farinn veg og við hugsum gjarnan til farinna ástvina og um mikilvægi vináttunnar. Er það ekki gott að eiga svona árlegt tímabil þar sem við leiðum hugann að tilveru og vinum?

Síðasta laugardag vetrarmánaða hittast félagar í Félagi trérennismiða á Íslandi og deila þekkingu sín á milli og fræðast um ýmislegt er lítur að trérennsli, tálgun og útskurði.

Félagar koma gjarnan með muni er fæðst hafa í smiðjum þeirra og við fáum að handfjatla og dást að handverkinu. Það fer ekki hjá því að maður finni sterkt fyrir þeirri miklu vináttu sem dregur þann mikla fjölda sem raun ber til funda.

Það er hverjum manni mikilvægt að deila sorg og gleði með vinum og því mikilvægt að eiga þess kost að hitta vini sína og deila með þeim hugrenningum eða bara þegja með þeim.

Aðventan hefur í árána rás orðið þessi tími þar sem við gjarnan leggjum til hliðar ágreiningsmál en njótum frekar tímans og alls þess sem tímabilið færir okkur og ræktum vináttuna.

Við lifum á tímum hraðra breytinga og eigum því öll einhverjar minningar frá liðinni tíð. Ferskir ávextir eru börnum nútímans sjálfsgaðir enda nóg til í öllum búðum. En það var ekki svo, úrval

innfluttra matvar var frekar takmarkað og ávextir voru einmitt nær einungis til er leið að jólum. Faðir minn og bróðir hans sem voru málarar höfðu marga menn í vinnu sértaklega yfir sumaramánuðina.

Þeir lögðu inn pöntun hjá ávaxtainnflytjanda til að gleðja starfsmenn og fjölskyldur um jól. Um miðja Aðventuna kom pöntunin og kassarnir voru geymdir niður í kjallara heima þar til pantaður var vörubíll af Bílastöðinni og kössunum keyrt heim til hvers og eins. Ég naut þessa tíma og geri enn, ekki með áti ávaxta heldur með því að stinga nefinu milli stafs og hurðar á kjallarahurðinni og njóta ávaxta ilmsins – ég finn hann enn – varla hægt að eiga jafn góða minningu og það um ilm sem var svo sjaldgæfur en dásamlegur í aðdraganda jóla. Nú líður að jólum og ilmurinn er kominn til mín, svo sterk er minningin.

Ritstjórn færir ykkur kærnu félagar bestu óskir um ilmandi og gleðilega Aðventu- og Jóláhátíð ásamt með góðum óskum um farsælt nýtt ár með eftirfarandi orðum Ambrósíusar:

Gættu vináttunnar!

*Ekkert er fegurra á jörðinni,
engin huggun betri í jarðnesku lífi.*

*Vini geturðu tjáð hug þinn allan
og veitt honum fyllsta trúnað.*

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmiðavélar, járnsmiðavélar, borvélar, Bandsagarblöð, sagnarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason

Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson

Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson • Ómar Bjarnason

Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

Hann er traustur eins og Snæfellsjökull enda fæddur í Stykkishólmi á því herrans ári 1946. Ómar Bjarnason er tvíburabróðir Viðars sem kom í heiminn á undan og þar með töldu nunnurnar í Stykkishólmsklausri að fæðingunni væri lokið. Svo var þó ekki og út kom helblár og líflaus strákur. Læknir bæjarins var kallaður til og sá var snöggur að koma drengnum í gang, og enn gengur hann.

Já hann er alltaf kátur þessi strákur sem mætir fyrstur allra í smíðadeildina við Hraunberg í Breiðholti þar sem félagar í Félagi trérennismiða funda síðsta laugardag vetrarmánaða.

Stólum og tækjum búinn fundarsalurinn raðar sér ekki upp sjálfur en morgunhanarnir Ómar, Guðmundur J. Thorarensen og Hjálmar Þórarinnsson sjá um það og koma svo salnum aftur í fyrra horf að fundi loknum. Meðan þessir öðlingar gera salinn kláran er félagi Sigurður Harðarson önnum kafinn við að undirbúa útsendingu fundarinnar á netinu og enn einn snillingurinn Sigurður Már er önnum kafinn í eldhúsinu að gera kaffið og vinarbrauðin klár fyrir mannskapinn.

Okkar maður var snemma byrjaður að taka til hendinni í atvinnulífinu og 13 ára farinn að hengja upp fisk í hjalla til þerris. Ómar er orðinn 16 ára þegar leiðin liggur til símans þar sem hann vinnur lengi vel við línulögn um allar sveitir og síðar að setja upp stór möstur fyrir sendibúnað frá símanum og er 22 ára gamall orðinn verkstjóri yfir því verkefni og var á flakki um landið í við þessi störf í 21 ár.

Í millitíðinni gafst tími til að fara í þriggja ára Símsmiðanamám og klára það og er hjá símanum alveg fram að eftirlaunadri 67 ára.



Ómar við bekkinn

Já rennismiðin, ja það eru nú komið 30 ár síðan ég datt inn í renniríð og það var Sigurlinni sem stofnaði Handverkhúsið sem benti mér á Félag trérennismiða sem þá var með fundi í Skipholtinu og fyrsti maður sem ég hitti þar og þekkti var Karl Helgi og fljótt fann ég að þarna var góður andi og skemmtilegt að hittast og þar hófst umrætt stólaverkefni sem enn stendur.

Keyptirðu rennibekkin hjá Sigurlinna? Nei, þennan Delta bekk sem ég á enn keypti ég hjá BYKO, ég kunní ekkert fyrir mér en félagi Trausti Óskarsson tók mig í kennslu og síðan hefur ekki verið aftur snúið – fór í nokkur skipti til Trausta og það var góður skóli.

Okkar maður er eins og fleiri í félagsskapnum ekki við eina fjölinna felldur og hefur stundað dúfna- og hæsnarækt en lætur nú orðið hæurnar duga, enda egginn holl og góð.

Við endum spjall okkar í skúrnum þaðan sem sést bæði í dúfna- og hæsnakofana og kikjum á efni framtíðarinnar og unnin verk



Skál



Lampafótur



Unnið efni



Efnislager

VINNINGSHAFI ÁKORUNNAR

Andra Snæs

Vinningshafi nóvember áskorunnar

var **Lýður Guðmundsson**.

Sá lukkulegi fór heim með
fullan kassa af viðarkubbum
tilbúnum fyrir rennibekkin



1973 - 2023
5 Asborg

BUDGET
PRODUCT
OF THE YEAR

Made in Austria

Ásborg - Smiðjuvegi 11 . 200 Kópavogur (gul gata) - Sími 5641212 - www.asborg.is



STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ÖRN RAGNARSSON, *formaður* / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), *gjaldkeri*
MAGNÚS KRISTMANNSSON / ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON / BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON




Glaðbeittir Guðmundur Magnússon og Gunnar Pálsson

MYNDIR ÚR STARFINU



Málin rædd í kaffisal



Tona síðar Bjarna sinn



Karl Helgi, Úlli og Stefán á kaffistofnu



Eric Shapow iðinn við fræðsluna



Eric rennir innanúr og allir fylgjast með



Á fæti – áskrunarverkefni október mánaðar



Fróðleiksfúsir



Mörg eru umræðuefnin

**MYNDIR
ÚR
STARFINU**



Hnífagerð er hluti af handverki félagsmanna

Innviðir

Hnota - Hlynur
Birki - Eik o.m.fl

Innviðir

Harðviður

Þú færð
efniviðinn
hjá okkur.

Láttu sjá þig
við tökum
vel á móti
þér.



Smíðjuvegur 36 rauð gata S.564-3636

RENNIÁSKORUN JANÚAR 2025

FUGLAFÓÐRARI

UM ÁSKORUNINA:

- Fyrir félaga sem greitt hafa árgjald
- Verkefnið rennt í áskorunarmánuði
- Þetta er ekki keppni
- Koma með verkefnið á fund 25.jan.
- Allir þátttakendur fara í pott og vinningshafi er dreginn af handahófi
- Allir fá sitt nafn einu sinni í pottinn.
- Öháð fjöldi verkefna sem voru rennd.
- Allir hafa því jafna möguleika, byrjendur sem og lengra komnir

Viðarvinnsla
Skógræktarfélags
Reykjavíkur í Heiðmörk
gefur vinningshafa
íslenskan við



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI



**HVER SEM
HUGMYNDIN
ER ÞÁ GERUM
VIÐ ÞETTA SAMAN**

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN